



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

**ÚRVINNSLA RAF- OG
RAFEINDATÆKJA**

SKILMÁLAR FYRIR

**ÞJÓNUSTUADILA
OG
RÁÐSTÖFUNARAÐILA**

SKILMÁLAR NR.:

ÚRVS-01-2014



MANNVIT

Desember 2014

EFNISYFIRLIT

ALMENNT	1
1.1 FORSAGA	1
1.2 SKILGREININGAR HUGTAKA	1
1.3 YFIRLIT YFIR VERKEFNIÐ	3
1.4 VERKÞÆTTIR ÞJÓNUSTUAÐILA	5
2. SKILMÁLAR FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA	6
2.1 LÖG OG REGLUGERÐIR	6
2.2 FLOKKAR RAF- OG RAFEINDATÆKJA ÚRGANGS	6
2.3 TÆKNILEGAR KRÖFUR SKV. VIÐAUKA III Í REGLUGERÐ 1104/2008	6
2.3.1 Lágmarkskröfur um meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs eftir flokkum	6
2.3.2 Starfsleyfi	8
2.3.3 Umsókn þjónustuaðila	9
2.3.4 Vinnu- og verklýsingar og innra eftirlit	9
2.3.5 Undirverktakar	9
2.3.6 Umhverfismál	9
2.3.7 Vafi um greiðsluskyldu	9
2.3.8 Ábyrgð og tryggingar	9
2.3.9 Umsjón og eftirlit	10
2.3.10 Tungumál	10
2.3.11 Samningstími	10
2.3.12 Ágreiningsmál	10
2.4 RÁÐSTÖFUNARLEIÐIR	11
2.4.1 Ráðstöfunaraðilar	11
2.4.2 Erlendir ráðstöfunaraðilar	11
2.5 GAGNASKRÁNING OG GREIÐSLUR	12
2.5.1 Gagnaskráning	12
2.5.2 Greiðslur og reikningsskil	12
2.5.3 Vanefndir og uppsögn	12
2.5.4 Framvinda verks	13
2.5.5 Endurgjald til þjónustuaðila	13
2.5.6 Flutningsjöfnun	13
3. VERKLÝSING FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA	14
3.1 MÓTTAKA RAF- OG RAFEINDATÆKJA	14
3.1.1 Móttökueftirlit	14
3.1.2 Vigtun raf- og rafeindatækja	14
3.1.3 Skráning raf- og rafeindatækja	14
3.2 MEÐHÖNDLUN RAF- OG RAFEINDATÆKJA	14
3.2.1 Vinnsla	14
3.3 RÁÐSTÖFUN RAF- OG RAFEINDATÆKJA	14
3.3.1 Staðfesting ráðstöfunaraðila	14
3.4 UPPLÝSINGAGJÖF	15
4. SKILMÁLAR FYRIR RÁÐSTÖFUNARAÐILA	16
4.1 UMSÓKN RÁÐSTÖFUNARAÐILA	16
4.2 RÁÐSTÖFUN - STARFSLEYFI	16
4.3 TUNGUMÁL	16
4.4 GREIÐSLUR	16
4.5 VANEFNDIR OG UPPSÖGN	16
4.6 UMSJÓN OG EFTIRLIT	16
5. VIÐAUKAR	17
5.1 LÖG OG REGLUGERÐIR	17
5.2 SKILGREININGAR Á FLOKKUM RAF- OG RAFEINDATÆKJAÚRGANGS	18
6. EYÐUBLÖÐ	19

6.1	UMSÓKN ÞJÓNUSTUAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS.....	19
6.2	UMSÓKN RÁÐSTÖFUNARAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS.....	21

ALMENNT

1.1 Forsaga

Með breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, sem samþykkt voru 16 maí 2014, var Úrvinnslusjóði falið það verkefni, að tryggja söfnun og meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs, ásamt því að ná tölulegum markmiðum um undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu, söfnun og förgun úrgangs.

Til að standa undir kostnaði við skipulega söfnun og endurvinnslu raf- og rafeindatækja er lagt á sérstakt úrvinnslugjald með lögum nr. 162/2002 (Lög um úrvinnslugjald), með síðari breytingum.

Reglugerð um raf- og rafeindatækjaúrgang nr. 1104/2008 fjallar um úrvinnslu raf- og rafeindatækjaúrgangs. Úrvinnslusjóður annast framkvæmd ofangreindra laga um úrvinnslugjald nr. 162/2002.

Lögin má nálgast á vef Alþingis
eða á vef Úrvinnslusjóðs:
Reglugerðir má nálgast á vefnum:

www.althingi.is
www.urvinnslusjodur.is
www.reglugerd.is

1.2 Skilgreiningar hugtaka

Hugtök hafa verið endurskilgreind að hluta og því mikilvægt að kynna sér þau sérstaklega.

Endurgjald: Er greiðsla sem þjónustuaðili fær þegar hann hefur lokið verki samkvæmt viðkomandi skilmálum.

Endurnotkun: Hvers kyns aðgerð þar sem raf- og rafeindatæki eða íhlutir þeirra, sem ekki eru úrgangur, eru notuð í sama tilgangi og þau voru ætluð í upphafi.

Endurnýting: Aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að raf- og rafeindatækjaúrgangur verður til gagns þar eða hann kemur í stað annars efniviðar, sem hefði annars verið notaður í tilteknum tilgangi, eða hann er útbúinn til þeirrar notkunar, í stöðinni eða úti í hagkerfinu.

Endurvinnsla: Hvers kyns endurnýtingaraðgerð, sem felst í því að endurvinna raf- og rafeindatækjaúrgang í vörur, efnivið eða efni, hvort sem er til notkunar í upphaflegum tilgangi eða öðrum tilgangi. Undir þetta fellur uppvinnsla á lífrænum efniviði, en ekki orkuvinnsla og uppvinnsla, sem skilar efni sem á að nota sem eldsneyti eða til landfyllingar.

Flutningsjöfnun: Greiðsla sem miðar að því að jafna flutningskostnað vegna flutnings á raf- og rafeindatækjum sem staðsett eru fjarri innlendri vinnslu eða útflutningshöfn.

Framleiðandi og innflytjandi: Aðili sem, óháð þeirri sölutækni sem er notuð,

- i. -framleiðir og selur raf- og rafeindatæki undir eigin vörumerki,
- ii. -endurselur raf- og rafeindatæki, undir eigin vörumerki, sem aðrir birgjar framleiða; endursöluaðilinn telst þó ekki vera framleiðandi ef vörumerki framleiðandans er á tækjabúnaðinum eins og kveðið er á um í i. lið,
- iii. -flytur raf- og rafeindatæki inn eða út úr landinu í atvinnuskyni. *)

* Seljandi raf- og rafeindatækja í tollfrjálsri verslun ber ábyrgð framleiðanda og innflytjanda samkvæmt reglugerð 1104/2008.

Förgun: Hvers kyns aðgerð, sem er ekki endurnýting, jafnvel þótt aðgerðin hafi að auki í för með sér endurheimt efna eða orku.

Hreinsun: Að fjarlægja spilliefni úr raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Meðhöndlun úrgangs: Söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, þökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðvum eftir að þeim hefur verið lokað.

Móttökustöð: Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla förgunarstaðir.

Raf- og rafeindatæki: Búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið og er hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1500 volt þegar um er að ræða jafnstraum. Þar með taldir allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af búnaðinum.

Raf- og rafeindatækjaúrgangur: Raf- og rafeindatæki sem fleygt er, í heild eða hluta, þar á meðal íhlutir, undireiningar og aukahlutir.

Raf- og rafeindatækjaúrgangur frá heimilum: Raf- og rafeindatækjaúrgangur sem kemur frá heimilum, einnig raf- og rafeindatækjaúrgangur frá verslun, iðnaði, stofnunum og annars staðar frá, og er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum.

Ráðstöfunaraðili: Aðili sem tekur við raf- og rafeindatækjum í heilu lagi eða hluta þeirra til endanlegrar rástöfunar samkvæmt skilgreiningu Úrvinnslusjóðs. Hann getur verið t.d. sorpbrennslustöð, endurvinnslufyrirtæki, erlendur kaupandi o.s.frv. Ráðstöfunaraðilar skulu vera viðurkenndir af Úrvinnslusjóði og skráðir, sem viðurkenndir ráðstöfunaraðilar raf- og rafeindatækja.

Samningsaðili Úrvinnslusjóðs getur ekki samtímis verið ráðstöfunaraðili og þjónustuaðili.

Spilliefni: Úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang.

Söfnunarstöð (gámastöð): Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

Úrgangur: Hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi úrgangs ákveður að losa sig við, ætlar að losa sig við eða er gert að losa sig við.

Þjónustuaðili: Er aðili sem hefur samning við Úrvinnslusjóð um úrvinnslu raf- og rafeindatækja úrgangs skv. Skilmálum Samningsaðili Úrvinnslusjóðs getur ekki samtímis verið þjónustuaðili og ráðstöfunaraðili.

Önnur helstu hugtök eru skilgreind í 3 gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Lög og reglugerðir gilda alltaf ef misræmi er milli skilmála og laga eða reglugerða

1.3 Yfirlit yfir verkefnið

Verkefnið felst í meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs með endurnýtingu verðmæta að leiðarljósi og skal framkvæmt á þann hátt að hvorki stafi mengun né hætta af. Þannig er dregið úr förgun úrgangs.

Flæðirit á **MYND 1** hér að neðan sýnir feril meðhöndlunar raf- og rafeindatækjaúrgangs frá söfnun til ráðstöfunar. Ásamt ferli upplýsingargjafar og greiðslna.

Söfnunarstöðvar eru staðir þar sem tekið er við raf- og rafeindatækjaúrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer úrgangurinn til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva. Á söfnunarstöðvum er tekið við raf- og rafeindatækjum, þau forflokkuð, geymd og afhent þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs.

Þjónustuaðili er viðsemjandi Úrvinnslusjóðs. Þjónustuaðilar taka við raf- og rafeindatækjum frá söfnunarstöðvum og rekstraraðilum. Þjónustuaðilum er skylt að taka á móti og ráðstafa efnum úr öllum flokkum sem skilgreind eru sem raf- og rafeindatæki.

Raf- og rafeindatækjaúrgangi er ráðstafað til ráðstöfunaraðila eftir því sem við á, sem heilum tækjum eða hluta þeirra.

Þjónustuaðili gerir samninga við ráðstöfunaraðila og sér um greiðslur til þeirra eða fær greiðslur frá þeim þegar við á.

Þjónustuaðili skal skila spilliefnum til viðurkenndra ráðstöfunaraðila slíkra efna. Einnig getur þjónustuaðili samið við skráðan þjónustuaðila Úrvinnslusjóðs fyrir móttöku eða vinnslu á spilliefnum og öðrum efnum/hlutum og flutning til ráðstöfunaraðila.

Úrvinnslusjóður hefur sett þessar verklagsreglur og skilmála fyrir þá, sem óska eftir að vinna við meðhöndlun raf- og rafeindatækja. Einnig hefur sjóðurinn ákveðið endurgjald fyrir þjónustuna.

Fleiri en einn þjónustuaðili getur þjónað Úrvinnslusjóði – ekki eru neinar hömlur á fjölda þeirra. Með samningi um þjónustu skuldbindur þjónustuaðili sig til að taka við öllum raf- og rafeindatækjum sem til hans berast; gildir þá einu hvort fleiri aðilar hafi samning við Úrvinnslusjóð. Samningar milli einstakra fyrirtækja/sorpsamlaga og þjónustuaðila eru á ábyrgð samningsaðila og án aðkomu Úrvinnslusjóðs.


Þjónustuaðili fær greitt frá Úrvinnslusjóði fyrir hvern farm raf- og rafeindatækja þegar staðfesting ráðstöfunaraðila á móttöku liggur fyrir. Hann fær einnig greidda flutningsjöfnun samkvæmt reglum þar um.

Innifalið í endurgjaldi þjónustuaðila er kostnaður við geymslu og söfnun raf- og rafeindatækjaúrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga. Þjónustuaðili og söfnunarstöðvar gera samninga sín á milli er varða þá aðstöðu.

Úrvinnslusjóður hefur sett þessar verklagsreglur og skilmála fyrir þá, sem óska eftir að þjóna sjóðnum við endurvinnslu raf- og rafeindatækja. Einnig hefur sjóðurinn ákveðið endurgjald fyrir þá þjónustu, [kr/kg], fyrir mismunandi vöruflokka. Gildandi gjaldskrá [einingarverð] er að finna á vef Úrvinnslusjóðs,

www.urvinnslusjodur.is/thjonustuaðilar/skilagreinar/


Ekki er sérstök verklýsing fyrir ráðstöfunaraðila enda gert ráð fyrir að hver og einn hafi sitt verklag og tilheyrandi starfsleyfi.



MYND 1 Flæðirit sýnir feril raf- og rafeindatækjaúrgangs ásamt upplýsinga og greiðslna

1.4 Verkpættir þjónustuaðila

Myndin að neðan lýsir verkþáttum þjónustuaðila.



MYND 2 Verkpættir þjónustuaðila

Móttaka felst í að kanna flokkun og flokka í rétta flokka fyrir vigtun.

Vigtun felst í að vigta hvern flokk af raf- og rafeindatækjum

Skráning felst í skráningu grunnupplýsinga sem Úrvinnslusjóður gerir kröfu um í skýrslugjöf til sjóðsins. Sjá nánari lýsingu í kafla 2.5.

Meðhöndlun skal lýst í verklýsingu þjónustuaðila.

Upplýsingagjöf er sérstaklega fjallað um í kafla 2.5.

Þjónustuaðili skal halda skrá yfir allar mótteknar sendingar (móttekin efni) þar sem skráðar eru lágmarksupplýsingar um sendanda, magn og ástand vöru við móttöku.

Þessar upplýsingar, sem geta t.d. verið hluti af gæðakerfi þjónustuaðila, skulu geymdar í minnst 7 ár frá móttöku. Upplýsingarnar skulu á hverjum tíma vera aðgengilegar fulltrúa Úrvinnslusjóðs og/eða eftirlitsmönnum hans.

2. SKILMÁLAR FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA

2.1 Lög og reglugerðir

Þjónustuaðilar lúta í einu og öllu íslenskum lögum og reglugerðum.

Lög og reglugerðir gilda ætíð ef um misræmi er að ræða í skilmálum.

2.2 Flokkar raf- og rafeindatækja úrgangs

- 1) Kælitæki
- 2) Skjái
- 3) Perur
- 4) Stór rafmagnstæki
- 5) Lítil rafmagnstæki
- 6) Lítil samskiptabúnaður

2.3 Tæknilegar kröfur skv. viðauka III í reglugerð 1104/2008

1. Geymslustaðir raf- og rafeindabúnaðar-úrgangs áður en meðhöndlun hefst (með fyrirvara um kröfurnar í reglugerð um urðun úrgangs), þar með taldar bráðabirgðageymslur:
 - a) hentug svæði með ógagndræpu yfirborði þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar og, ef við á, fellingar og fituhreinsunarbúnaður,
 - b) heppileg svæði með vatnsheldu yfirborði.
2. Staðir fyrir meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs:
 - c) vogir til að vigta meðhöndlaðan úrgang,
 - d) hentug svæði með ógagndræpu yfirborði og vatnspéttri yfirbyggingu, þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar og, ef við á, fellingar- og fituhreinsunarbúnaður,
 - e) heppileg geymsla fyrir varahluti úr búnaði sem tekinn hefur verið í sundur,
 - f) heppileg ílát til að geyma í rafhlöður, þetta sem innihalda PCB eða PCT og annan hættulegan úrgang, s.s. geislavirkan úrgang,
 - g) búnaður til að hreinsa vatn, í samræmi við heilbrigðis- og umhverfisreglugerðir.

2.3.1 Lágmarkskröfur um meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs eftir flokkum

Kælitæki

Að lágmarki skal fjarlægja klórflúrkolefni (CFC), vetnisklórflúrkolefni (HCFC) eða vetnisflúrkolefni (HFC) og vetniskolefni (HC) úr kælitækjum.

Draga verður lofttegundirnar út með viðurkenndum búnaði og meðhöndla þær á réttan hátt. Ósoneyðandi lofttegundir verður að meðhöndla í samræmi við reglugerð um ósoneyðandi efni.

Starfsleyfi til meðhöndlunar spilliefna þarf til að fjarlægja og meðhöndla kælimiðla.

Skjái

Fjarlægja skal skjái úr raftækjum séu þeir stærri en 100 cm² (fersentimetrar) og flytja til meðhöndlunar hjá aðilum sem hafa búnað til að meðhöndla slíka skjái. Ávallt skal fjarlægja bakskaustslampa (túbuskjái). Gasúrhleðslulampar (flúrlampar) skulu fjarlægðir sérstaklega og meðhöndlaðir í samræmi við kröfur um meðhöndlun slíkra lampa.

Lágmarksmeðhöndlun á bakskautslömpum: fjarlægja skal sérstaklega flúrhúðun.
Starfsleyfi til meðhöndlunar spilliefna þarf til að fjarlægja og meðhöndla skjái og bakskautslampa.

Lampar/perur

Fjarlægja kvikasilfur og flúrhúðun við stýrðar aðstæður. Tryggja skal að tætingarbúnaður sé þéttur þannig að ekki sé losun á ryki eða kvikasilfri frá tækinu. Allt loft sem kemur frá búnaðnum skal fara um síur og skipta skal reglulega um þær. Tætingarbúnaður skal skilja á milli glers, málms og ryks/kvikasilfurs, sjá nánar leiðbeiningar WEEELABEX og Environment Agency (Írland); Storage and Treatment of fluorescent lamps.

Starfsleyfi til meðhöndlunar spilliefna þarf til að fjarlægja og meðhöndla lampa/perur.

Stór raftæki

Fylgja skal eftirfarandi lágmarkskröfum í viðauka II í reglugerð 1104/2008:

- a. Fjarlægja skal sérstaklega þétta (e. capacitors), sem innihalda fjöklóruð býfenyl (PCB), samanber reglugerð um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengilsefna þeirra.
- b. Fjarlægja skal sérstaklega úr raftækjum, íhluti sem innihalda kvikasilfur, s.s. rofa eða lampa til baklýsingar.
- c. Fjarlægja skal rafhlöður úr raftækjum áður en til endurvinnslu/endurnýtingar kemur.
- d. Fjarlægja skal prentplötur tækjum ef yfirborð prentplötunnar er stærra en 10 fersentimetrar.
- e. Fjarlægja skal blekhyliki, fljótandi eða krem, einnig litahylki.
- f. Fjarlægja skal plast sem inniheldur brómað logavarnarefni.
- g. Fjarlægja skal asbestúrgang og íhlut sem innihalda asbest.
- h. Fjarlægja skal bakskautslampa úr raftækjum og fjarlægja skal sérstaklega flúrhúðun við meðhöndlun.
- i. Fjarlægja skal utanáliggjandi rafleiðslur.
- j. Fjarlægja skal íhluti sem innihalda eldfastar keramiktréffjar sbr. reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.
- k. Íhlutir sem innihalda geislavirk efni, að frátöldum íhlutum sem eru undir undantekningarmörkunum sem eru sett í 3. gr. og I. viðauka tilskipunar ráðsins 96/29/EBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar.
- l. Fjarlægja skal rafkleyfa þétta sem innihalda skaðleg efni (hæð > 25 mm, þvermál > 25 mm eða hlutfallslega svipað magn). Farga skal þessum efnum, efnablöndum og íhlutum eða endurnýta þau í samræmi lög um meðhöndlun úrgangs og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Starfsleyfi til meðhöndlunar spilliefna þarf til að fjarlægja hættuleg efni úr raftækjum í samræmi við viðauka II í reglugerð 1104/2008.

Lítill raftæki

Fylgja skal eftirfarandi lágmarkskröfum í viðauka II í reglugerð 1104/2008:

- a. Fjarlægja skal sérstaklega þétta (e. capacitors) sem innihalda fjöklóruð býfenyl (PCB) samanber reglugerð um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengilsefna þeirra.

- b. Fjarlægja skal sérstaklega úr raftækjum, íhluti sem innihalda kvikasilfur, s.s. rofa eða lampa til baklýsingar.
- c. Fjarlægja skal rafhlöður úr raftækjum áður en til endurvinnslu/endurnýtingar kemur.
- d. Fjarlægja skal prentplötur tækjum ef yfirborð prentplötunnar er stærra en 10 fersentimetrar,
- e. Fjarlægja skal blekhylki, fljótandi eða krem, einnig litahylki.
- f. Fjarlægja skal plast sem inniheldur brómað logavarnarefni.
- g. Fjarlægja skal asbestúrgang og íhlut sem innihalda asbest.
- h. Fjarlægja skal bakskautslampa úr raftækjum og fjarlægja skal sérstaklega flúrhúðun við meðhöndlun.
- i. Fjarlægja skal utanáliggjandi rafleiðslur.
- j. Fjarlægja skal íhluti sem innihalda eldfastar keramiktrefjar sbr. reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.
- k. Íhlutir sem innihalda geislavirk efni, að frátöldum íhlutum sem eru undir undantekningarmörkunum sem eru sett í 3. gr. og I. viðauka tilskipunar ráðsins 96/29/EBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar
- l. Fjarlægja skal rafkleyfa þetta sem innihalda skaðleg efni (hæð > 25 mm, þvermál > 25 mm eða hlutfallslega svipað magn). Farga skal þessum efnum, efnablöndum og íhlutum eða endurnýta þau í samræmi lög um meðhöndlun úrgangs og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Starfsleyfi til meðhöndlunar spilliefna þarf til að fjarlægja hættuleg efni úr raftækjum í samræmi við viðauka II í reglugerð 1104/2008.

Lítill samskiptabúnaður

Fylgja skal eftirfarandi lágmarkskröfum í viðauka II í reglugerð 1104/2008:

- a. Fjarlægja skal sérstaklega úr raftækjum, íhluti sem innihalda kvikasilfur, s.s. rofa eða lampa til baklýsingar.
- b. Fjarlægja skal rafhlöður úr raftækjum áður en til endurvinnslu/endurnýtingar kemur.
- c. Fjarlægja skal prentplötur, yfirleitt úr farsímum en einnig úr öðrum tækjum ef yfirborð prentplötunnar er stærra en 10 fersentimetrar.
- d. Fjarlægja skal blekhylki, fljótandi eða krem, einnig litahylki.

Starfsleyfi til meðhöndlunar spilliefna þarf til að fjarlægja hættuleg efni úr raftækjum í samræmi við viðauka II í reglugerð 1104/2008.

2.3.2 Starfsleyfi

Allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar skv. 9. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Til meðhöndlunar úrgangs telst m.a. söfnun, geymsla, flokkun, böggun, pökkun, flutningur, endurnýting og förgun.

Allir þeir sem meðhöndla raf- og rafeindatækjaúrgang eiga að vera með starfsleyfi til meðhöndlunar úrgangs og kallast rekstraraðilar. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga annars vegar og Umhverfisstofnun hins vegar, veita starfsleyfi til meðhöndlunar úrgangs. Sjá nánar lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Þeir aðilar sem fjarlægja efni, efnablöndur og íhluti úr raf- og rafeindatækjaúrgangi, sem safnað er sérstaklega í samræmi við II. viðauka í reglugerð 1104/2008, skulu hafa starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni ef um er að ræða að fjarlægja hættuleg efni, sbr. skilgreiningu spilliefna í 3. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Þeir aðilar sem flytja út raf- og rafeindatækjaúrgang, sem flokkast sem spilliefni, skulu einnig hafa starfsleyfi til að meðhöndla slík efni.

2.3.3 Umsókn þjónustuaðila

Þeir sem hyggjast gera þjónustusamning við Úrvinnslusjóð skulu sækja um til sjóðsins til þess að gerast þátttakendur í verkefninu. Allar umbeðnar upplýsingar skulu fylgja umsókn. Umsóknareyðublað og samningsform er í kafla 6.1. Farið verður með allar framlagðar upplýsingar sem trúnaðarmál.

2.3.4 Vinnu- og verklýsingar og innra eftirlit

Þjónustuaðilinn skal hafa skráðar vinnu- og verklýsingar sem starfað er eftir. Reglurnar, sem geta verið hluti af gæðakerfi þjónustuaðila, skulu endurskoðast eins oft og þurfa þykir, t.d. vegna nýrra laga og reglugerða sem og reynslu og/eða nýrrar þekkingar. Skulu reglurnar vera aðgengilegar öllum starfsmönnum þjónustuaðilans og þeim þær rækilega kynntar.

Þjónustuaðili skal skila inn verklýsingu til Úrvinnslusjóðs. Verklýsingar eru mikilvægt gagn við eftirlit með framkvæmd meðhöndlun raf- og rafeindatækja.

2.3.5 Undirverktakar

Þjónustuaðili er óheimilt, án samþykkis Úrvinnslusjóðs, að láta þriðja aðila ganga inn í verkefni sitt, allt eða að hluta, í sinn stað. Hins vegar er þjónustuaðili heimilt að nýta þjónustu annarra fyrirtækja sem þá eru undirverktakar hans. Undirverktakar eru ábyrgir gagnvart þjónustuaðilanum en þjónustuaðilinn er ábyrgur gagnvart Úrvinnslusjóði. Öll ákvæði skilmála gilda jafnt um þjónustuaðila og undirverktaka hans.

Ef þjónustuaðili hyggst fá undirverktaka til verkefnisins skal hann tilkynna Úrvinnslusjóði það á sannanlegan hátt.

Þrátt fyrir að þjónustuaðili sé ekki „verktaki“ Úrvinnslusjóðs í venjulegri merkingu þess orðs er orðið „undirverktaki“ notað hér um aðila sem þjónustuaðilinn lætur vinna verkhluta fyrir sig.

2.3.6 Umhverfismál

Þjónustuaðili skal í hvívetna gera sér far um að ná sem bestum árangri við framkvæmd verkefnisins ásamt því að ganga vel um öll athafnasvæði. Þjónustuaðili skal hafa skráða gæðastefnu og umhverfisstefnu, aðgengilega fyrir viðsemjendur sína, viðskiptavinum og starfsmenn.

2.3.7 Vafi um greiðsluskyldu

Ef vafi leikur á um greiðsluskyldu Úrvinnslusjóðs vegna móttækinna raf- og rafeindatækja skal gera starfsmönnum Úrvinnslusjóðs viðvart. Verður þá gripið til viðeigandi ráðstafana til þessa að kanna hvort úrvinnslugjald hafi verið greitt af viðkomandi raf- og rafeindatækjum.

2.3.8 Ábyrgð og tryggingar

Þjónustuaðili ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum hugsanlegra undirverktaka sinna. Þjónustuaðili ber einnig ábyrgð á tjóni er Úrvinnslusjóður eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd verksins.

Þjónustuaðili skal hafa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um.

Þjónustuaðili skal hafa starfsemi sína nægjanlega vátryggða fyrir bruna.

Þjónustuaðili skal slysatryggja starfsmenn sína og greiða þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld sem fylgja því að hafa menn í vinnu og selja efni og þjónustu.

Þjónustuaðili skal afhenda Úrvinnslusjóði afrit af öllum tryggingarskírteinum ásamt staðfestingu viðkomandi tryggingafélags á gildi þeirra, verði þess óskað. Raf- og rafeindatæki, og hlutar/efni úr þeim, sem eru á athafnasvæði þjónustuaðila eða í umsjá hans eru á ábyrgð þjónustuaðila.

2.3.9 Umsjón og eftirlit

Umsjón og eftirlit með verkinu verður í höndum Úrvinnslusjóðs og fulltrúa hans. Umsjónar- og eftirlitsmenn Úrvinnslusjóðs skulu ávallt hafa ótakmarkaðan aðgang að vinnusvæðum þjónustuaðila. Úrvinnslusjóður mun á samningstíma athuga uppgjör, vigtun og annan frágang þjónustuaðila.

2.3.10 Tungumál

Allar upplýsingar um þjónustuaðila og samskipti við hann skulu vera á íslensku. Upplýsingar um tækjabúnað mega vera á ensku, dönsku, norsku, eða sænsku.

2.3.11 Samningstími

Samningar milli þjónustuaðila og ráðstöfunaraðila, annars vegar, og Úrvinnslusjóðs, hins vegar, eru ótímabundnir en þó vísast á ákvæði 4.5.

2.3.12 Ágreiningsmál

Málum sem kunna að rísa út af verkefni þessu skal vísa til Héraðsdóms Reykjavíkur.

2.4 Ráðstöfunarleiðir

Í fyrstu grein laga nr. 162/2002 segir: „Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.“

Kröfur um meðhöndlun eru settar fram í 9. gr. reglugerðar 1104/2008

Þjónustuaðili skal koma raf- og rafeindatækjum, og efnum úr þeim, í hvern þann farveg sem talist getur heppileg endurnýting/endurnotkun/förgun fyrir hvern efnaflokk. Honum er frjálst að velja þá aðferð sem hann telur hagkvæmasta, en hann skal þó geta sýnt fram á að meðhöndlun hans uppfylli skilyrði umhverfis-, heilbrigðis- og skipulagsyfirvalda.

Endurnýting er heimil svo fremi sem þjónustuaðili sýni fram á að spilliefnunum sé fargað á viðurkenndan hátt. Með orðunum „viðurkenndan hátt“ er átt við aðferðir sem viðurkenndar eru af þar til bærum yfirvöldum. Takist þjónustuaðila að finna ráðstöfunarleið sem gefur honum tekjur skerðir það ekki greiðslur samkvæmt skilmálum Úrvinnslusjóðs fyrir þjónustuaðila.

2.4.1 Ráðstöfunaraðilar

Þjónustuaðila er einungis heimilt að ráðstafa mismunandi efnum til viðurkenndra ráðstöfunaraðila. Þjónustuaðili semur um greiðslur til ráðstöfunaraðilans fyrir móttökuna og stendur skil á þeim.

Ráðstöfunaraðili t.d. málmaendurvinnsla, sorpbrennslustöð, urðunarstaður eða sérhæfður eyðingar- eða endurnýtingaraðili, þarf að hafa öll tilskilin leyfi fyrir starfsemi sinni.

Spilliefnum skal skilað til aðila sem Úrvinnslusjóður viðurkennir sem ráðstöfunaraðila spilliefna og skulu þeir aðilar starfa eftir skilmálum þar um.

Hyggist þjónustuaðili skipta við aðila sem ekki er á skrá Úrvinnslusjóðs yfir ráðstöfunaraðila, skal sá aðili sækja um skráningu hjá sjóðnum sem ráðstöfunaraðili. Skilmála fyrir ráðstöfunaraðila er að finna í kafla 4.

2.4.2 Erlendir ráðstöfunaraðilar

Útflutningur raf- og rafeindatækja eða efna úr þeim er háður leyfi, vinnureglum og kröfum Umhverfisstofnunar og viðeigandi yfirvalda í móttökulandinu.

Skilyrði er að endanlegur móttakandi erlendis sé skráður, sem ráðstöfunaraðili, hjá Úrvinnslusjóði. Þjónustuaðili semur við erlendan ráðstöfunaraðila um greiðslur fyrir móttökuna og vinnsluna og stendur skil á þeim. Þjónustuaðilinn greiðir allan kostnað við útflutning og vinnslu.

Raf- og rafeindatækjaúrgangur, sem er fluttur út skal einungis teljast uppfylla skyldur og markmið 1. og 2. mgr. 10. gr. ef útflytjandinn getur sannað að endurnýtingin, endurnotkunin og/eða endurvinnslan hafi farið fram við aðstæður sem eru sambærilegar við það sem krafist er í reglugerð 1104/2008.

Að öðru leiti vísast til kafla 2.5

2.5 Gagnaskráning og greiðslur

2.5.1 Gagnaskráning

Þjónustuaðili skal halda skrá yfir móttekið og ráðstafað magn raf- og rafeindatækja. Skráningu skal skila til Úrvinnslusjóðs á þar til gerðu skilagreinaformi.

2.5.2 Greiðslur og reikningsskil

Greitt verður fyrir ráðstafaðan raf- og rafeindatækjaúrgang eða strauma úr honum eftir framlögðum reikningum þjónustuaðila [kr/kg], samkvæmt gjaldskrá Úrvinnslusjóðs. Magntölur skulu vera staðfestar af ráðstöfunaraðilum.

Flutningsjöfnun er greidd eftir framlögðum reikningum þjónustuaðila [kr/kg], samkvæmt gjaldskrá Úrvinnslusjóðs – sjá nánar kafla 2.5.6

Með reikningi skal alltaf fylgja uppgjör sem gert er á staðlað form Úrvinnslusjóðs svokallaðar skilagreinar. Formið sem er töflureiknir er á vef sjóðsins.

www.urvinnslusjodur.is. Leiðbeiningar um útfyllingu eru í skilagreinaforminu og gjaldskrá Úrvinnslusjóðs eins og hún er á hverjum tíma. Vegna gjaldskrár og hugsanlegra breytinga skal sækja nýtt eintak í hvert sinn sem gerð er skilagrein.

Innlendur ráðstöfunaraðili:

Með reikningum fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang, sem fara til ráðstöfunaraðila innanlands, skal fylgja:

- Undirrituð og dagsett móttökustaðfesting frá ráðstöfunaraðila
- Upplýsingar um magn og tegund úrgangs sem um ræðir.

Einingarverð endurgjalds miðast við móttökudagsetningu ráðstöfunaraðila á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Erlendur ráðstöfunaraðili:

Með reikningum fyrir raf- og rafeindatæki sem eru flutt úr landi skal í hvert sinn fylgja:

- Undirrituð og dagsett móttökustaðfesting frá ráðstöfunaraðila
- Upplýsingar um magn og tegund úrgangs sem um ræðir
- Afrit af útflutningsleyfi.
- Farmbréf

Einingarverð endurgjalds miðast við dagsetningu brottfarar skips eins og hún er gefin upp á útflutningsleyfi.

2.5.3 Vanefndir og uppsögn

Þjónustuaðili skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum. Komi til vanefnda er Úrvinnslusjóði heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði Úrvinnslusjóður fyrir tjóni af völdum vanefnda þjónustuaðila er þjónustuaðilinn að fullu ábyrgur gagnvart sjóðnum vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Leiti þjónustuaðili nauðasamninga, greiðslustöðvunar, er úrskurðaður gjaldþrota eða gert hjá honum árangurslaust fjárnám, getur Úrvinnslusjóður án frekari fyrirvara sagt

upp samningi við hann. Komi til uppsagnar er ráðstöfun uppsafnaðra raf- og rafeindatækja hjá þjónustuaðila á hans ábyrgð.

Verði um ítrekaðar vanefndir af hálfu þjónustuaðila að ræða er Úrvinnslusjóði heimilt að segja upp samningi, með 3ja mánaða fyrirvara. Skal þjónustuaðili strax við uppsögn samnings hætta móttöku raf- og rafeindatækja, en hefur síðan 3 mánuði til að losa sig við raf- og rafeindatæki sem kunna að vera í hans vörslu, í samræmi við gildandi lög um meðhöndlun úrgangs.

Dæmi um hugsanlegar aðgerðir er skoðast sem vanefndir:

- Ítrekaðar rökstuddar kvartanir úrgangshafa varðandi þjónustu
- Skilagreinum með reikningum er ítrekað ábótavant
- Raf- og rafeindatækjum er ráðstafað til annarra en viðurkenndra og skráðra ráðstöfunaraðila
- Ráðstöfunar kvittanir eru ófullnægjandi
- Verklagsreglum ekki framfylgt
- Þjónustuaðili uppfyllir ekki lengur starfsleyfisskilyrði.

2.5.4 Framvinda verks

Þjónustuaðili skal fara að lármarkskröfum í reglugerð 1104:2008 II. viðauki.

Séu takmörk, í starfsleyfi, á leyfilegu magni á starfsstöð þjónustuaðila gilda þau óbreytt óháð skilmálum þessum.

2.5.5 Endurgjald til þjónustuaðila

Greiðslur til þjónustuaðila verða samkvæmt gjaldskrá Úrvinnslusjóðs. Gildandi gjaldskrá á hverjum tíma er að finna á vef Úrvinnslusjóðs www.urvinnslusjodur.is/thjonustuadilar/skilagreinar/.

2.5.6 Flutningsjöfnun

Auk endurgjalds samkvæmt gjaldskrá sem vísað er til í kafla 2.5.5 verður greitt tillegg til flutningsjöfnunar. Flutningsjöfnun er bæði háð staðfestum uppruna og tegund raf- og rafeindatækja. Greidd er flutningsjöfnun miðað við þá flutningsleið sem ódýrust er talin.

Ekki er þannig skilyrt að raf- og rafeindatæki verði flutt til umræddra ráðstöfunarstaða en flutningsjöfnunin verður miðuð við þá.

Almennt gildir að greitt er fyrir flutning raf- og rafeindatækja frá upprunastað til útflutningshafnar.

Flutningsjöfnun og endurgjald verða uppfærð í skilagreinarformi, þegar breytingar verða. Því er mikilvægt að sækja hverju sinni nýtt form fyrir skilagrein hverju sinni á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is/thjonustuadilar/skilagreinar/.

3. VERKLÝSING FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA

3.1 Móttaka raf- og rafeindatækja

3.1.1 Móttökueftirlit

Móttökueftirlit felst í að kanna flokkun og vigtun á mótteknum raf- og rafeindatækjum.

3.1.2 Vigtun raf- og rafeindatækja

Raf- og rafeindatæki frá hverri söfnunarstöð, og sem einstök fyrirtæki skila til þjónustuaðila, skal vigta á löggiltri vog. Þyngdina skal gefa upp í skrá fyrir móttekið magn hvers flokks.

Staðfesting ráðstöfunaraðila á móttöku raf- og rafeindatækja er grundvöllur fyrir greiðslu til þjónustuaðila.

Þessi vog getur verið hvort sem er löggilt vog í starfsstöð ráðstöfunaraðilans eða önnur löggilt vog, sem samningsaðilar verða fyrirfram ásáttir um að nota.

Þjónustuaðili greiðir kostnað vegna vigtunar í öllum tilfellum. Vigtun raf- og rafeindatækja sem flutt eru úr landi skal fara fram á Íslandi en einnig hjá ráðstöfunaraðilanum, sem gefur endanlega staðfestingu á mótteknu magni.

3.1.3 Skráning raf- og rafeindatækja

Halda skal skrá yfir gerð og magn allra strauma og ráðstöfun þeirra. Skrárnar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

3.2 Meðhöndlun raf- og rafeindatækja

Meðhöndlun raf- og rafeindatækja, eftir að þau berast til þjónustuaðila, felst í aðalatriðum í að sundurgreina, undirbúa til flutnings og senda efni til viðeigandi ráðstöfunaraðila. Einnig er möguleiki á frekari vinnslu.

3.2.1 Vinnsla

Þjónustuaðili skilar inn verklýsingum til Úrvinnslusjóðs og skal þær uppfæra eftir atvikum. Verklýsingar eru mikilvæg gögn við eftirlit Úrvinnslusjóðs og Umhverfisstofnunar með framkvæmdinni.

Verklýsingarnar verða hluti af samningi við Úrvinnslusjóð.

3.3 Ráðstöfun raf- og rafeindatækja

Ráðstöfun raf- og rafeindatækja felst í að koma raf- og rafeindatækjum til viðurkenndra ráðstöfunaraðila og tryggja að endurvinnslu markmiðum sé náð.

3.3.1 Staðfesting ráðstöfunaraðila

Með ráðstöfunarkvittun er staðfest að ráðstöfunaraðili hafi tekið á móti raf- og rafeindatækjum eða straumum út honum, til meðhöndlunar.

Ráðstöfunaraðili fyllir út vottorðið og gefur það út. Á ráðstöfunarkvittun koma eftirfarandi upplýsingar fram sem mikilvægt er að skrá nákvæmlega:

1. Dagsetningu ráðstöfunarkvittunar
2. Nafn þjónustuaðila.
3. Dagsetning móttöku.
4. Móttekið magn

5. Flokkur raftækja
6. Undirskrift

Ráðstöfunaraðili eða þjónustuaðili sem er í viðskiptum við hann, skal skila upplýsingum um árangur hvað varðar endurnýtingarmarkmið til Úrvinnslusjóðs, fyrir 1. mars ár hvert

3.4 Upplýsingagjöf

Skilagrein þjónustuaðila er hin sama hvort sem verið er að gera grein fyrir söfnun eða ráðstöfun eða hvoru tveggja. Í skilagreininni eru sérstök form fyrir söfnun og ráðstöfun og samantekt sem sýnir á einfaldan hátt hvað skilagreinin inniheldur og upphæð greiðslu ef um það er að ræða. Allar upplýsingar um verð og útreikninga vegna mismunandi vöruflokka eru innbyggðar í skilagreinaformið.

4. SKILMÁLAR FYRIR RÁÐSTÖFUNARAÐILA

4.1 Umsókn ráðstöfunaraðila

Til þess að að vera skráður sem viðurkenndur ráðstöfunaraðili sækir viðkomandi um eða þjónustuaðilar sækja um fyrir nýja ráðstöfunaraðila. Umsókn er skilað til Úrvinnslusjóðs. Eyðublað er að finna í kafla 6.2.

Nýir aðilar sem óska eftir viðurkenningu sem ráðstöfunaraðilar skulu kynna sér gögn og skilmála sem sjóðurinn setur.

Þjónustuaðili getur óskað eftir því að ráðstöfunaraðili sem hann fær viðurkenndan verði ekki gerður opinber.

Farið verður með framlagðar upplýsingar sem trúnaðarmál.

4.2 Ráðstöfun - Starfsleyfi

Upplýsingar um við hvaða efnum er tekið á móti og hvernig þeim verður fargað eða hvernig þau eru endurnýtt/endurunnin skulu fylgja umsókn. Ráðstöfunaraðili skal hafa gilt starfsleyfi fyrir starfsemi sína. Ef hann hefur starfsstöð annars staðar en á Íslandi skal hann hafa leyfi stjórnvalda í móttökulandi til innflutnings í viðkomandi landi.

4.3 Tungumál

Upplýsingar um ráðstöfunaraðila og tækjabúnað hans mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

4.4 Greiðslur

Engar greiðslur fara milli Úrvinnslusjóðs og ráðstöfunaraðila.

4.5 Vanefndir og uppsögn

Ráðstöfunaraðili skal í einu og öllu rækja skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum. Vanefni hann þær er Úrvinnslusjóði heimilt að fella nafn hans af lista yfir viðurkennda ráðstöfunaraðila. Þar með brestur grundvöllur fyrir greiðslum til þjónustuaðila vegna raf- og rafeindatækjum, eða efnum úr þeim, sem ráðstafað er til viðkomandi ráðstöfunaraðila.

Dæmi um hugsanlegar aðgerðir er skoðast sem vanefndir:

- Erlendur ráðstöfunaraðili hefur ekki endurnýjað innflutningsleyfi sitt
- Ráðstöfunaraðili hefur ekki endurnýjað starfsleyfi sitt
- Staðfestingum um móttekið magn er ábótavant
- Uppsöfnun efna hjá ráðstöfunaraðila er umfram starfsleyfi eða meiri en eðlilegt megi teljast vegna vinnslunnar.

Uppsafnaður raf- og rafeindatækjaúrgangur, eða efni úr honum, hjá ráðstöfunaraðila er ekki og verður aldrei á ábyrgð Úrvinnslusjóðs.

4.6 Umsjón og eftirlit

Umsjón og eftirlit með verkinu verður í höndum Úrvinnslusjóðs og fulltrúa hans.

Fulltrúa Úrvinnslusjóðs er heimilt á samningstíma að hafa eftirlit með uppgjöri, vigtun og öðru er að verki lýtur.

5. VIÐAUKAR

5.1 Lög og reglugerðir

Helstu lög, reglugerðir og reglur sem þátttakendur þurfa að fara eftir:

Lög um úrvinnslugjald nr. 162/2002 með síðari breytingum

Lög um meðhöndlun úrgangs 55/2003 með síðari breytingum

Reglugerð um úrvinnslugjald nr. 1124/2005 með síðari breytingum

Reglugerð um raf- og rafeindatækjaúrgang nr. 1104/2008 með síðari breytingum

Reglugerð um starfsleyfi nr. 785/1999 með síðari breytingum

5.2 Skilgreiningar á flokkum raf- og rafeindatækjaúrgangs

Skilgreiningar á flokkum raf- og rafeindatækja úrgangs eins og þeir koma fyrir í:
DIRECTIVE 2012/19/EU OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL
of 4 July 2012
on waste electrical and electronic equipment (WEEE)
(recast)
ANNEX IV
Non-exhaustive list of EEE

1. Temperature exchange equipment

Refrigerators, Freezers, Equipment which automatically delivers cold products, Air conditioning equipment, Dehumidifying equipment, Heat pumps, Radiators containing oil and other temperature exchange equipment using fluids other than water for the temperature exchange.

2. Screens, monitors, and equipment containing screens having a surface greater than 100 cm²

Screens, Televisions, LCD photo frames, Monitors, Laptops, Notebooks.

3. Lamps

Straight fluorescent lamps, Compact fluorescent lamps, Fluorescent lamps, High intensity discharge lamps - including pressure sodium lamps and metal halide lamps, Low pressure sodium lamps, LED.

4. Large equipment

Washing machines, Clothes dryers, Dish washing machines, Cookers, Electric stoves, Electric hot plates, Luminaires, Equipment reproducing sound or images, Musical equipment (excluding pipe organs installed in churches), Appliances for knitting and weaving, Large computer-mainframes, Large printing machines, Copying equipment, Large coin slot machines, Large medical devices, Large monitoring and control instruments, Large appliances which automatically deliver products and money, Photovoltaic panels.

5. Small equipment

Vacuum cleaners, Carpet sweepers, Appliances for sewing, Luminaires, Microwaves, Ventilation equipment, Irons, Toasters, Electric knives, Electric kettles, Clocks and Watches, Electric shavers, Scales, Appliances for hair and body care, Calculators, Radio sets, Video cameras, Video recorders, Hi-fi equipment, Musical instruments, Equipment reproducing sound or images, Electrical and electronic toys, Sports equipment, Computers for biking, diving, running, rowing, etc., Smoke detectors, Heating regulators, Thermostats, Small Electrical and electronic tools, Small medical devices, Small Monitoring and control instruments, Small Appliances which automatically deliver products, Small equipment with integrated photovoltaic panels.

6. Small IT and telecommunication equipment (no external dimension more than 50 cm)

Mobile phones, GPS, Pocket calculators, Routers, Personal computers, Printers, Telephones

Slóð:

eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2012:197:0038:0071:en:PDF

6. EYÐUBLÖÐ

6.1 UMSÓKN ÞJÓNUSTUAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS

„Úrvinnsla raf- og rafeindatækjaúrgangs“ UMSÓKN

Til Úrvinnslusjóðs
Suðurlandsbraut 24
108 – Reykjavík

Nafn
Kennitala
Tengiliður

Merkja skal í reitina að neðan til staðfestu þess að tilgreindar upplýsingar fylgi umsókn.

Almennar upplýsingar

- Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði.
- Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess.
- Fjöldi starfsmanna, menntun/reynsla.
- Nöfn sérfræðinga sem vinna hjá þjónustuaðila eða sem þjónustuaðili hefur aðgang að (sjá 2.3.4)
- Upplýsingar um gæðastefnu og/eða gæðavottun, séu þær fyrir hendi.
- Upplýsingar um umhverfisstefnu fyrirtækisins.
- Yfirlit yfir helstu verkefni, unnin á sl. 2 árum.
- Staðfesting á að viðkomandi sé í skilum með opinber gjöld og lífeyrisgreiðslur.
- Yfirlýsing frá aðalviðskiptabanka um skilvísi í viðskiptum.

Upplýsingar er varða verkefnið

- Hvernig umsækjandi hyggst vinna verkið.
- Hvaða tækjabúnað á að nota.
- Almennar upplýsingar um undirverktaka (ef einhverjir).
- Gögn um leyft hámarksmagn ákveðinna efna sem mega vera í einu í umsjá eða meðhöndlun hjá þjónustuaðila, eða önnur takmarkandi skilyrði af hálfu yfirvalda.
eða
- Yfirlýsing fyrirtækis um að engar takmarkanir séu í gildi.

F.h. umsækjanda (þjónustuaðila) _____

SAMNINGSFORM

Verkkaupi	Úrvinnslusjóður	Þjónustuaðili	
Kennitala	530803-3680	Kennitala	
Heimilisfang	Suðurlandsbraut 24 108-Reykjavík	Heimilisfang	
Sími	517 4700	Sími	
Netfang	urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is	Netfang	

Framkvæmd skal vera í samræmi við skilmála nr. **ÚRVS-01-2014** með hugsanlegum síðari breytingum.

Gildandi skilmálar eru á vef Úrvinnslusjóðs á hverjum tíma: www.urvinnslusjodur.is

Fyrir verkið greiðir Úrvinnslusjóður samkvæmt gildandi gjaldskrá sjóðsins á hverjum tíma.

Starfsleyfi þjónustuaðila gildir til: _____

Samningur þessi er gerður í 2 samhljóða eintökum, eitt fyrir hvorn samningsaðila og gildir jafn lengi og þjónustuaðilinn hefur starfsleyfi.

Staður og dagsetning _____

F.h. Úrvinnslusjóðs

F.h. þjónustuaðila

Vottar

kt. _____

kt. _____

6.2 UMSÓKN RÁÐSTÖFUNARAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS „ Úrvinnsla raf- og rafeindatækja “

Til Úrvinnslusjóðs
Suðurlandsbraut 24
108 – Reykjavík

Ráðstöfunaraðili	
Kennitala	
Heimilisfang	
Borg / bær	
Land	
Tengiliður	
Sími	
Umsækjandi f.h. ráðstöfunaraðila	
Tengiliður umsækjanda	

Merkja skal í reitina að neðan til staðfestu þess að tilgreindar upplýsingar fylgi umsókn.

Almennar upplýsingar

- Starfsleyfi
- Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess.

Upplýsingar er varða verkefnið

- Hvernig ráðstöfunaraðili hyggst endurnýta/endurnota/farga raf- og rafeindatækjaúrgangi.
- Hvernig ráðstöfunaraðili hyggst ráðstafa spilliefnum og/eða aukaefnum sem falla til við vinnslu raf- og rafeindatækjaúrgangs.
- Óskað er nafnleyndar ráðstöfunaraðila.
- Ráðstöfunaraðili hyggst taka á móti raf- og rafeindatækjaúrgangi úr þeim flokkum sem krossað er við

1 Kælitæki	2 Skjáir	3 Perur	4 Stór tæki	5 Lítil tæki	6 Lítil UT tæki

F.h. ráðstöfunaraðila